



Alþingi
Erindi nr. P 135/1311
komudagur 4.2.2008

Nefndasvið Alþingis
berist iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11
Reykjavík, 01.02.2008

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um upprunaábyrgð raforku, 271. mál, EES reglur**

Með bréfi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 17. janúar 2008, er óskað umsagnar Landsvirkjunar um ofangreint frumvarp.

Skv. 1 mgr. 5. gr. frumvarpsins ber umsækjanda að senda Landsneti skriflega beiðni um útgáfu upprunaábyrgðar í síðasta lagi 30 dögum frá lokum síðasta mánaðar þess tímabils sem upprunaábyrgðin skal ná yfir. Landsvirkjun bendir á að þar sem sala á grænum vottorðum fer oft fram 1-2 árum eftir að framleiðslutímabili líkur, er óheppilegt að svo stuttur umsóknartími sé settur vegna útgáfu ábyrgðarvottorða, enda yrði hann mjög hamlandi fyrir sölu slíkra grænna vottorða frá Íslandi. Þess má geta að dæmi eru um mun víðari tímamörk í lögum í Noregi, Finnlandi og löndum Mið-Evrópu. Landsvirkjun gerir tillögu um að tímamörk þessi verði tekin út úr lagafrumvarpinu svo að hægt verði í framtíðinni að óska hvenær sem er eftir upprunaábyrgð fyrir alla þá raforku sem framleidd hefur verið frá því lögin taka gildi.

Skv. 3. mgr. 5 gr. frumvarpsins er Landsneti heimilt að krefjast greiðslu vegna útgáfu upprunaábyrgðar. Fyrirtækið skal setja gjaldskrá um framangreinda þjónustu. Landsvirkjun leggur til að tekið verði fram í lögnum að slík gjaldtaka skuli miðast við kostnað við útgáfu upprunaábyrgðar.

Að öðru leyti telur Landsvirkjun að hér sé á ferðinni jákvætt frumvarp fyrir íslensk orkufyrirtæki sem vinna raforku úr endurnýjanlegum orkulindum.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson
forstjóri

